

Alþingi  
b.t. nefndasviðs  
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara. Þingskjal nr. 225, mál nr. 206.

Slitastjórn SPRON og Frjálsa Fjárfestingarbankans óskar eftir að koma að athugasemdum vegna ofangreinds frumvarps til laga.

Athugasemdir við I. kafla laganna, breyting á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum.

1. gr. Í grein þessari er lögaðilum og öðrum aðilum í atvinnurekstri heimilað að gera gengistryggða lánasamninga með nánar tilgreindum skilyrðum. Í athugasemdum með frumvarpi, bls. 12-13, segir m.a. „ Af umfangi gengistryggðra og erlendra lána til fyrirtækja er ljóst að ef þau teljast öll fela í sér ólöglega samningsskilmála og ekki kemur til greina lagasetning sem takmarkar tjón fjármálafyrirtækjanna á einhvern hátt munu eiga sér stað verulegir eignaflutningar frá fjármálafyrirtækjum til fyrirtækja, með mjög handahófskenndum hætti.“

Af ofangreindu má ráða að tilgangur með ákvæði þessu virðist vera sá að hafa áhrif á hugsanlegan rétt fyrirtækis vegna viðkomandi lánasamnings og þá þannig að réttur fyrirtækis verði lakari en hefði verið fyrir lagasetningu þessa. Slitastjórn SPRON telur slíka lagasetningu ákaflega hæpna enda hefur viðkomandi fyrirtæki rétt til að láta reyna á réttmæti lagasetningar þessarar fyrir dómstólum. Þá gæti legið fyrir skaðabótaábyrgð ríkisins vegna lagasetningarinnar gagnvart viðkomandi fyrirtæki með vísan til Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. 72. gr.

Ennfremur má velta því fyrir sér að hvert jafnræðið er með lánum til fyrirtækja annars vegar og einstaklinga hins vegar ef sama lánaformið og orðalagið í samningi milli aðila er ákveðið með lögum að sé löglegt gagnvart öðrum en ólöglegt gagnvart hinum og með þeim rökum að verið sé að gæta jafnræðis.

2. gr. Í grein þessari eru lagðar línur um rétt lánþega og lánveitanda vegna endurreiknings á láni þar sem samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teljist ógild. Ákvæðið er að ýmsu leyti óljóst og gæti verið erfitt í framkvæmd.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir uppgjöri milli kröfuhafa og hvers skuldara, óháð því hvort skuldari sé fyrrverandi skuldari skv. skuldabréfi og hafi síðar skuldskeytt bréfinu. Skv. orðalagi greinarinnar virðist vera gert ráð fyrir uppgjöri gagnvart hverjum skuldara s.s. höfuðstólslækkun án þess að tillit sé

tekið til uppgjors á millum skuldara innbyrðis. Getur þetta leitt til þess að kröfuhafa sé gert að greiða margfaldar bætur vegna eins og sama skuldabréfsins eftir fjölda skuldskeytinga.

Þá skal draga hvers kyns vanskilaálögur frá við endurútreikning lánsins s.s. dráttarvexti, innheimtukostnað, álagðan og útlagðan, osfrv. Í engu er litið til þess hvort greiðslur hafi verið inntar af hendi frá lánþega. Í þessu sambandi er rétt að benda á niðurstöðu Hæstaréttar í máli Lýsingar hf. nr. 471/2010 en þar staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms um greiðslu dráttarvaxta frá riftunar og gjaldfellingardegi samnings 11. ágúst 2009 til greiðsludags. Þá er einnig í umræddum dómi tekið tillit til áfallins kostnaðar vegna sölu á bifreið og viðgerðar og kostnaður sá dreginn frá söluverði við uppgjör. Því er talið rétt að þegar um sannanlega áfallinn kostnað er að ræða og dráttarvexti vegna vanskila, þótt miðað sé við endurútreiknaðar eftirstöðvar, að þá sé innheimta á slíkum vanskilaálögum eðlileg og rétt og samræmi við dómafordæmi.

3. gr. a liður. Í þessum lið er kveðið á um að ef húsnæðislán til neytanda hafi verið greitt út í íslenskum krónum eða umbreyting úr erlendum myntum er hluti viðkomandi lánasamnings, en endurgreiðsla skuldarinnar miðast að einhverju leyti við gengi erlendra gjaldmiða, fer um uppgjör vegna ofgreiðslu og framtíðarskilmála skuldbindingarinnar eftir því sem greinir í 18. gr.

Með ofangreindri skilgreiningu þá falla væntanlega flest ef ekki öll húsnæðislán í erlendri mynt til neytanda þarna undir. Slík skilgreining á því hvað teljist vera ólöglegt gengistryggt lán er að okkar mati alltof víðtæk og verði að bíða niðurstöðu Hæstaréttar hvað þetta álítaefni snerti. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á héraðsdóm í Héraðsdómi Suðurlands nr. E-260/2010 frá 29. október sl. Í því tilviki var lánið greitt út í íslenskum krónum á reikning lánþega. Var lánið skv. ofangreindum dómi talið löglegt erlent lán. Þá er í þessu sambandi einnig vísað til dóms héraðsdóms Vesturlands nr. E-450/2009, frá 23. nóvember sl. Í því tilviki var lánsfjárhæð tilgreind í svissneskum frönskum að jafnvirði 17.600.000 króna. Erlent myntfjárhæð var ekki sérstaklega tilgreind í láninu. Niðurstaða dómstólsins var sú að lánið væri löglegt erlent lán.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir gæti því einnig í þessu tilviki brotið gegn eignaréttarákvæðum stjórnarskrár og skapað skaðabótaskyldu ríkissjóðs.

Ekki er tekið undir það sjónarmið að knýjandi nauðsyn sé til þess að skilgreina þurfti lán þessi með ofangreindum hætti enda hafa lánastofnanir komið með úrræði fyrir lánþega meðan að beðið er niðurstöðu dómstóla. Þessi úrræði hafa almennt fallið í góðan jarðveg meðal lánþega.

Þá er bent á að þau skilyrði skv. 1. gr. frumvarpsins sem löglegt gengistryggt lán þarf að uppfylla eru mun fleiri og þrengri en þau sem 3. gr. liður a kveður á um að þurfi til að koma svo lán teljist vera ólöglegt gengistryggt lán. Er eðlilegt að samræmi sé þarna á millum og að lán teljist ólöglegt gengistryggt lán ef það uppfylli öll þau skilyrði sem í 1. gr. komi fram en að öðrum kosti teljist þau gild erlent lán, ef á annað borð verið er að skilgreina slíkt.

Í 3. gr. d lið koma fram heimildir til handa skuldara til endurupptöku dóma og fullnustuaðgerða. Þar er skuldara m.a. fengin sú heimild að óska eftir endurupptöku fullnustuaðgerða hafi slíkar gerðir farið fram á grundvelli lánssamninga sem höfðu að geyma ólögsmæt ákvæði um gengistryggingu. Í engu er tekið tillit til þess hvort að skuldari af greitt af láninu reglulega eða t.d. alls ekki neitt og staða lánsins endurútreiknuð gagnvart veðhæfni viðkomandi fasteignar í engu skoðuð. Slík heimild til skuldara sem t.d. hefur lítið sem ekkert greitt af láninu og er með veðstöðu vel yfir 100% eftir endurútreikning er ekki réttmæt að okkar mati og gæti skapað mikil vandkvæði í framkvæmd.

3.gr. f liður tekur á því tilviki að lánveitandi innleysir eign lánþega. Í því tilviki þegar að lán er hærra en markaðsverð eignarinnar þá á lánþegi rétt á helmings eftirgjöf af eftirstöðvum lánsins. Ekki er litið



til stöðu lánþega að öðru leyti s.s. eignastöðu hans og greiðslugetu og getur verið um óréttmæta eftirgjöf að ræða sem gæti skapað bótaskyldu fyrir ríkissjóð.

Þá er lánveitanda meinað að leita fullnustu vegna eftirstöðva lánsins í íbúðarhúsnæði skuldara. Þarna er með sama móti takmarkaður rétt lánveitanda til að fá lán sitt greitt og getur slík takmörkun leitt aftur af sér bótaskyldu fyrir ríkissjóð enda er með ákvæði þessu verið að takmarka ábyrgð lánþegans frá því sem áður hefur gilt.

Skv. 5. gr. er gert ráð fyrir sérstakri úrskurðarnefnd en heimilt verður að skjóta málum til hennar. Ekki er kveðið á um bindandi úrslausn viðkomandi nefndar né málskotsrétt til dómstóla ef því væri að skipta.

Í heild teljum við frumvarp þetta verða flókið og vandasamt í framkvæmd og síst verða til þess að einfalda þau álitaefni sem liggja fyrir um úrslausn á skuldamálum einstaklinga og fyrirtækja. Fyrir liggur álit fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytis um að bent hafi verið á að óvissa geti verið fyrir hendi um það hvort lögfesting frumvarpsins muni kalla á skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóðs. Í þeim orðum teljum við ekkert ofsagt.

Reykjavík, 25. nóvember 2010

Slitastjórn SPRON og Frjálsa Fjárfestingarbankans

  
Jóhann Pétursson

  
Hildur Sólveig Pétursdóttir